

Málþing Heilsueflandi grunnskóla

Dagsetning: Föstudaginn 10. nóvember 2017

Tími: 12:30 – 16:30

Staður: Menntavísindasviði, Háskóla Íslands Stakkhlíð, Bratta

Dagskrá

12:30 **Ávarp** – Dóra Guðrún Guðmundsdóttir, sviðsstjóri áhrifaþátta heilbrigðis hjá Embætti landlæknis

Ný námsleið í heilsueflingu og heimilisfræði, Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor við Menntavísindasvið og deildarforseti íþróttá-, tómstunda- og þroskaþjálfadeildar

Staða Heilsueflandi grunnskóla, Ingibjörg Guðmundsdóttir verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis

Innleiðing Heilsueflandi grunnskóla í Oddeyrarskóla, Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri

Nemendapening í Austurbæjarskóla, Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri

Spurningar - samantekt

14:10 **Hlé** – Efni frá Embætti landlæknis mun vera til sýnis

14:30 **Málstofur A** – sjá lýsingu á málstofum hér fyrir neðan

15:30 **Málstofur B** – sjá lýsingu á málstofum hér fyrir neðan

16:30 **Málþingslok**

Málstofur kl. 14:30 – 15:20	Málstofur kl. 15:30 – 16:20
<p>1a Virkni í skólastarfi – stuðningsefni og staðan í skólum Umsjón: Gígja Gunnarsdóttir verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis</p> <p>Farið verður yfir það efni í hreyfingu sem Embætti landlæknis gefur út og stendur skólum til boða. Þar má m.a. nefna efnistöð í <i>Virkin í skólastarfi – Handbók um hreyfingu fyrir grunnskóla</i> ásamt öðru efni. Gefinn verður góður tími í umræður þar sem þátttakendur geta komið með dæmi um það hvernig verið er að vinna með hreyfingu í skólastarfi.</p>	<p>1b Kynning á www.heilsueflandi.is og nýjum vef fyrir hugmyndabanka Umsjón: Gígja Gunnarsdóttir og Ingibjörg Guðmundsdóttir verkefnastjórar hjá Embætti landlæknis</p> <p>Nýtt skráningar- og vinnusvæði, heilsueflandi.is sem þátttakendur í Heilsueflandi grunnskóla hafa aðgang að, verður kynnt. Vefsvæðið er verkfæri sem auðveldar skólum að halda markvisst utan um heilsueflingarstarfið s.s. þarfagreiningu, heilsustefnu, gátlista, aðgerðaáætlun, mælikvarða o.s.frv. Einnig verður kynnt vefsvæði sem er í þróun fyrir hugmyndabanka og upplýsingaveitu.</p>
<p>2a Heilsuefling starfsfólks Umsjón: Jenný Ingudóttir verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis</p> <p>Í þessari málstofu verður stiklað á stóru um hvað er gott að hafa í huga þegar unnið er að heilsueflingu starfsfólks. Mikilvægt er að beina athyglinni að umhverfi og stjórnun og tryggja með því að horft sé til lengri tíma. Góður tími verður gefinn í umræður.</p>	<p>2b Örugg saman Umsjón: Jenný Ingudóttir verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis</p> <p>Kynning á námsefni fyrir 9. eða 10. bekk um örugg samskipti. Mikil umræða hefur verið að undanförmu um ofbeldi í nánnum samböndum. Þetta gagnvirka námsefni sem byggir á bandarísku efni er ætlað að koma í veg fyrir eða draga úr að ungmenni verði fyrir eða beiti ofbeldi í nánnum samböndum. Efnið hefur verið staðfært að íslenskum aðstæðum. Farið er yfir hvað einkennir góð sambönd og samskipti og hvaða væntingar við höfum til annarra. Sérstakur kafli í námsefninu fjallar um kynferðisofbeldi.</p>
<p>3a Kynning á heilsuvernd skólabarna og nýjum upplýsingavef- og þjónustuvef www.heilsuvera.is Umsjón: Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir sviðsstjóri skólasviðs á Þróunarsviði heilsugæslunnar, Ása Sjöfn Lórens dóttir, skólahjúkrunarfræðingur hjá heilsugæslunni í Garðabæ og Margrét Héðinsdóttir, vefstjóri heilsuveru.</p> <p>Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Mikil þróun hefur átt sér stað í heilsuvernd skólabarna undanfarin ár og áhersla lögð á samræmda starfsemi á landsvísu. Stiklað verður á helstu stoðum starfseminnar. Þáttur upplýsinga og þjónustu í gegnum vefsvæði verður einnig til umfjöllunar og rýnt í framtíðarmöguleika í þeim efnum.</p>	<p>3b Tóbakslaus bekkur Umsjón: Viðar Jensson og Sveinbjörn Kristjánsson verkefnastjórar hjá Embætti landlæknis.</p> <p>Tóbakslaus bekkur, forvarnarnarverkefni í bráðum 20 ár fyrir efri bekki grunnskólans verður kynnt og farið yfir efnistöð og áherslur í gegnum árin. Rafsígreittur – ný ógn? Staða þekkingar og nauðsynleg viðbrögð yfirvalda og skólans.</p>

4a DAM: Áhugaverð nálgun að geðrækt í grunnskólum

Umsjón: Dr. Bergljót Gyða Guðmundsdóttir skólasálfræðingur og Sigrún Daníelsdóttir verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis

Á þessari málstofu verður farið yfir geðræktarkennslu í almennu skólastarfi þar sem áhersla verður lögð á það hvernig nýta má aðferðir díalektískrar atferlismeðferðar (DAM; e. dialectical behavior therapy) með nemendum. Í DAM er lögð áhersla á núvitund, streitupól, tilfinningafærni og árangursrík samskipti sem býður upp á ýmis tækifæri til geðræktar í skólum. Hingað til hefur DAM helst verið þekkt sem meðferðarúrræði en rannsóknir benda til þess að aðferðir DAM henti vel til eflingar á geðheilsu og nýtist þannig öllum vel.

4b Stuðningur við jákvæða hegðun í skólastarfi

Umsjón: Dr. Anna-Lind Pétursdóttir dósent við Menntavísindasvið HÍ og Sigrún Daníelsdóttir verkefnastjóri hjá Embætti landlæknis

Á málstofunni verður fjallað um stigskiptar leiðir til að styðja við jákvæða hegðun nemenda og fyrirbyggja hegðunarvanda í skóla án aðgreiningar. Gefið er yfirlit yfir gagnreyndar aðferðir við bekkjarstjórnun og leiðir sem hafa reynst árangursríkar í því sambandi. Fjallað verður um sértækari úrræði sem hægt er að nota innan almennu skólastofunnar, s.s. einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun byggða á virknimati (functional behavioral assessment). Virknimat er markviss leið til að kortleggja áhrifaþætti hegðunar og leggja grunn að einstaklingsmiðaðri stuðningsáætlun sem felur í sér fyrirbyggjandi aðgerðir, kennslu og styrkingu viðeigandi hegðunar. Kynntar verða niðurstöður langtímarannsóknar á áhrifum slíkra stuðningsáætlana meðal nemenda sem höfðu sýnt erfiða hegðun í rúm fjögur ár að meðaltali. Við framkvæmd stuðningsáætlana minnkaði truflandi hegðun að jafnaði um 78%, árásarhegðun um 89% og námsástundun nemenda jókst um 92%. Í lok erindis gefst tækifæri fyrir umræður um málefnið.